
MINNISBLAÐ

Verk: Samgönguáætlun 2019-2023 og 2019-2033
Málefni: Viðbrögð Vegagerðarinnar við umsögnum
Dags: 5. desember 2018
Frá: Valtý Þórisssyni, forstöðumanni áætlanadeildar
Dreifing: Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, Bergþóra Þorkeldsdóttir, Jónas Snæbjörnsson, Sigurður Áss Grétarsson, Sigurbergur Björnsson

Á fundi Vegagerðarinnar hjá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis þann 29. nóvember 2018 kom fram ósk eftir minnisblaði frá Vegagerðinni þar sem brugðist er við þeim athugasemdum sem fram hafa komið í umsögnum um fimm og fimmtán ára samgönguáætlun 2019-2023 og 2019-2033. Ekki er gert ráð fyrir að Vegagerðin svari öllum umsögnum heldur bregðist við þeim athugasemdum sem hún telur eiga við og greini frá því ef talin er ástæða til að breyta forgangsroðun verkefna vegna þeirra.

Vegagerðin hefur farið yfir þær athugasemdir sem bárust og munu þessar ábendingar nýtast vel við gerð næstu samgönguáætlunar.

Hvað varðar vegina þá telur Vegagerðin ekki ástæðu til að breyta forgangsroðun verkefna vegna þessara athugasemda að þessu sinni, nema fyrir eitt verkefni. Það er Jökuldalsvegur milli Gilsár og Arnórsstaða sem var sett á 3. tímabil samgönguáætlunar 2019-2033, en nú þykir ástæða til að setja þetta verkefni inn á árinu 2021. Þetta verkefni var komið inn í fyrri samgönguáætlun á árinu 2010, en var skorið niður í kjölfar efnahagshrunsins. Verkefnið kom inn þegar ákveðið var að byggja Hringveginn um Skjöldólfssstaðahnjúk í stað Arnórsstaðarmúla og var heimamönnum á Efra Jökuldal gefið viljrði að farið yrði í það í framhaldi af umræddri færslu Hringvegarins. Þessi vegur hefur lítið burðarþol, er mjór og liggur í talsverðum langhalla á kafla með bratta og háa vegfláa, þannig að hann er varasamur, sérstaklega á vetrum. Einnig hafa heimamenn bent á mjög vaxandi umferð ferðamanna um svæðið. Því er talin ástæða til að setja þetta verkefni inn á árinu 2021, en áætlað er að það kosti 200 m.kr. Gerð er tillaga um að það verði gert með því að lækka fjárveitingar til Hringvegar um Hornafjarðarfljót um 200 m. kr. á árinu 2021, en hækka þær aftur um 200 m. kr. á 2. tímabili þannig að verklokum í því verki þarf ekki að seinka. Á móti er fjárveiting til Hringvegar milli Akrafjallsvegar og Borgarness lækkuð um 200 m.kr. á 2. tímabili.

Hvað sjóvarnir varðar þá telur Vegagerðin rétt að bæta við verkefni í Hvalfjarðarsveit á árinu 2023. Hvalfjarðarsveit, sjóvörn við Belgsholt (200 m – 1600 m³). Kostnaður 14,5 milljónir, fjárveiting 12,7 milljónir (7/8). Heildarkostnaður óráðstafað fyrir árið 2023 verður í kjölfarið 42,1 milljón og fjárveiting 36,8 milljónir.

Í hafnarhlutanum telur Vegagerðin þörf á auknu fjármangi til lengingar Norðurgarðs á Ólafsvík árið 2019 og 2020, áætlaður heildarkostnaður verksins hækkar úr 142,2 milljónum í 161,4 milljónir. Áætluð fjárveiting til verksins hækkar í kjölfarið um 3,5 milljónir árið 2019 og um 5,8 milljónir árið 2020. Einnig er talin þörf á auknu fjármagni til gerðar sandfangara við Einholtskletta á Hornafirði. Áætlaður heildarkostnaður var 212 milljónir en verður 254,4 milljónir, framkvæmdin skiptist

milli áráanna 2020 og 2021. Árið 2020 er nú gerð ráð fyrir 172,8 milljónum til verksins, fjárveiting 83,6 milljónir. Árið 2021 er gert ráð fyrir 81,6 milljónum til verksins, fjárveiting 39,5 milljónir. Áætluð fjárveiting til verksins hækkar í kjölfarið um 20,5 milljónir, 15 milljónir árið 2021 og 5,5 milljónir árið 2022. Þessar hækkanir koma úr óskiptri fjárveitingu úr Hafnabótasjóði og því breytast samtölur hvers árs ekki.

Að lokum er þörf á 30 m.kr. á ári til viðhaldsdýpkunar í Þorlákshöfn.

Eftir að áætlunarsiglingarnar hófust til Þorlákshafnar þá þarf að auka dýpið í innsiglingu hafnarinnar yfir veturinn. Til að halda nauðsynlegu dýpi er áætlað dýpka þurfi þar árlega um 60.000 rúmmetra og er kostnaður við það áætlaður 62 m.kr. þar af er styrkhæfur hluti ríkissjóðs allt að 60% sem er 30 m.kr. á ári. Þessi liður er ófjármagnaður. Til greina kemur að taka þessar 30 m.kr. á ári af viðhaldi vega og lækka fjárveitingar til viðhalds um 30 m.kr. á ári a.m.k næstu fimm árin. Í framhaldinu verður þetta síðan fjármagnað úr hafnahluta samgönguáætlunar.